

# ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 249/2022

frá 23. september 2022

## um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1253 frá 21. apríl 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2017/565 að því er varðar samþættingu sjálfbærniþátta, -áhættu og -óska í tiltekna skipulagskröfur og rekstrarskilyrði fyrir verðbréfafyrirtæki <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1269 frá 21. apríl 2021 um breytingu á framseldri tilskipun (ESB) 2017/593 að því er varðar samþættingu sjálfbærniþátta í afurðastýringarskyldur <sup>(2)</sup>.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bah (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565):

„– **32021 R 1253:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1253 frá 21. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 1).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 31bazj (framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/593):

„eins og henni var breytt með:

– **32021 L 1269:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1269 frá 21. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 137).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 137.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1253 og framseldrar tilskipunar (ESB) 2021/1269, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2022 frá 29. apríl 2022 (<sup>3</sup>), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Kristján Andri Stefánsson***

*formaður*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(<sup>3</sup>) Stjtið. ESB L 246, 22.9.2022, bls. 115.